Nauðungaruppboð

sem auglýst var í 135., 139. og 140. tbl. Lögbirtingablaðs 1983 á hluta í Leirubakka 24, þingl. eign Vigfúsar G. Gíslasonar o.fl., fer fram eftir kröfu Gjaldheimtunnar í Reykjavík og Helga V. Jónssonar hrl. á eigninni sjálfri þriðjudaginn 8. maí 1984 kl. 13.30.

Borgarfógetaembættið í Reykjavík.

Nauðungaruppboð

sem auglýst var í 28., 31. og 34. tbl. Lögbirtingablaðs 1984 á m.s. Sögu, þingl. eign Sjóleiða hf., fer fram eftir kröfu Gjaldheimtunnar í Reykjavík, Hafsteins Baldvinssonar hrl., Guðjóns Steingrímssonar hrl., Péturs Guðmundssonar hdl., Tryggingastofnunar ríkisins og Árna Pálssonar hdl. við skipið í Reykjavíkurhöfn miðvikudaginn 9. maí 1984 kl. 16.00.

Borgarfógetaembættið í Reykjavík.

Nauðungaruppboð

annað og síðasta á hluta í Laugavegi 51B, þingl. eign Maríu Ingimundardóttur, fer fram eftir kröfu Gjaldheimtunnar í Reykjavík og Tryggingastofnunar ríkisins á eigninni sjálfri miðvikudaginn 9. maí 1984 kl. 11.00.

Borgarfógetaembættið í Reykjavík.

Nauðungaruppboð

sem auglýst var í 135., 139. og 140. tbl. Lögbirtingablaðs 1983 á hluta í Torfufelli 27, þingl. eign Guðbrands Ingólfssonar, fer fram eftir kröfu Gjaldheimtunnar í Reykjavík á eigninni sjálfri miðvikudaginn 9. maí 1984 kl. 13.45.

Borgarfógetaembættið í Reykjavík.

Nauðungaruppboð

sem auglýst var í 135., 139. og 140. tbl. Lögbirtingablaðs 1983 á hluta í Möðrufelli 1, þingl. eign Bergs Þorvaldssonar, fer fram eftir kröfu Gjaldheimtunnar í Reykjavík á eigninni sjálfri miðvikudaginn 9. maí 1984 kl. 13.30.

Borgarfógetaembættið í Reykjavík.

Nauðungaruppboð

sem auglýst var í 135., 139. og 140. tbl. Lögbirtingablaðs 1983 á Síðumúla 3, þingl. eign SÁÁ, fer fram eftir kröfu Gjaldheimtunnar í Reykjavík á eigninni sjálfri miðvikudaginn 9. maí 1984 kl. 11.15.

Borgarfógetaembættið í Reykjavík.

Nauðungaruppboð

sem auglýst var í 134., 137. og 140. tbl. Lögbirtingablaðs 1983 á hluta í Torfufelli 46, þingl eign Aðalsteins Ásgeirssonar, fer fram eftir kröfu Veðdeildar Landsbankans og Baldurs Guðlaugssonar hdl. á eigninni sjálfri miðvikudaginn 9. maí 1984 kl. 14.00.

Borgarfógetaembættið í Reykjavík.

Nauðungaruppboð

sem auglýst var í 135., 139. og 140. tbl. Lögbirtingablaðs 1983 á Melgerði 11, þingl. eign Árna Sigurðssonar, fer fram eftir kröfu Gjaldheimtunnar í Reykjavík, Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis og Skúla J. Pálmasonar hrl. á eigninni sjálfri miðvikudaginn 9. maí 1984 kl. 11.30.

Borgarfógetaembættið í Reykjavík.

Nauðungaruppboð

sem auglýst var í 9., 12. og 15. tbl. Lögbirtingablaðs 1984 á hluta í Snælandi 8, þingl. eign Ásgerðar Hannesdóttur og John E. Benediktz, fer fram eftir kröfu Einars S. Ingólfssonar hdl. á eigninni sjálfri miðvikudaginn 9. maí 1984 kl. 10.30.

Borgarfógetaembættið í Reykjavík.

Nauðungaruppboð

Eftir kröfu lögreglustjórans í Reykjavík fer fram opinbert uppboð að Borgartúni 7 (baklóð) laugardaginn 12. maí 1984 og hefst það kl. 13.30.


Seldir verða margskonar óskilamunir, sem eru í vörslu lögreglunnar, svo sem: reiðhjól, úr, skartgripir, fatnaður og margt fleira.

Greiðsla við hamarshögg. Uppboðshaldarinn í Reykjavík.

Nauðungaruppboð

sem auglýst var í 109., 112. og 114. tölublaði Lögbirtingablaðsins 1983 á eigninni spildu úr Möðruvöllum 1, Kjósarhreppi, þingl. eign Þórhalls Guðjónssonar (leigulóð), fer fram eftir kröfu Brunabótafélags Íslands á eigninni sjálfri þriðjudaginn 8. maí 1984 kl. 16.00.

Sýslumaðurinn í Kjósarsýslu.



Einar Hákonarson við eina mynda sinna á sýningunni að Kjarvalsstöðum. *DV-mynd GVA.*

MYNDI SEGJA AÐ ÉG VÆRI AGAÐUR EXPRESSJÓNISTI

— segir Einar Hákonarson

„Ég myndi segja að ég væri agaður expressjónisti. Ég hef alltaf lagt mikið upp úr myndbyggingu, en það hefur alltaf verið að losna meir og meir um formið hjá mér," segir Einar Hákonarson listmálari, en í dag kl. 2 opnar hann sýningu að Kjarvalsstöðum og verður sýningin opin til 20. maí. Á sýningunni, sem er mjög stór, eru 79 málverk og 89 grafíkmyndir. Málverkin eru öll máluð á síðustu 2 árum, en grafíkin spannar yfir 20 ár.

„Ég hef gert lítið að því að sýna grafík. Ég hélt sýningu á grafíkverkum í Unuhúsi 1969, þá voru fáir í þessu hér heima. Ég kenndi hins vegar lengi grafík í Myndlista- og handíðaskólanum."

Nú var Einar lengi kennari og síðan skólastjóri við Myndlista- og handíðaskólann. Hvernig breyting er það að hætta kennslunni.

„Ég ætlaði aldrei að verða skólamaður þó ég hafi verið viðriðinn kennslu svo lengi. Nú lifi ég á minni list og ég held að það komi fram í þessari sýningu. Mér finnst komin meiri þyngd í vinnubrögðin en áður var."

Og svo er umræðunum snúið að viðfangsefni Einars. Hvað er það sem hann telur sitt helsta viðfangsefni?


„Meginviðfangsefni mitt er manneskjan og hugmyndir og áhrif úr samtímanum. Það er engin hrein predikun í mínum myndum, ég legg meiri áherslu á hið myndræna element. Þó er frásaga í sumum þeirra."

Við snúum okkur aftur að lifibrauðinu og Einar lýsir því dálítið nánar.

„Undanfarin 16 ár hef ég haldið sýningar á tveggja ára fresti, frá því ég sýndi fyrst í Bogasalnum 1968. Ég sýndi hér á Kjarvalsstöðum síðast fyrir tveim árum, en sýndi einnig grafíkverk í London, í nóvember 1983. Svo eru öðru hvoru pöntuð verk, ég hef til dæmis nýlega lokið við stórt mósaíkverk sem ég vann fyrir Hólabrekkuskóla. En það reynir mest á við sölusýningar, eins og þessi er. Maður rennir blint í sjóinn, veit ekkert hverjar viðtökurnar verða.

Við snúum talinu að lokum að íslenskum menningarmálum og ástandinu í þeim í dag.

„Hingað til hefur menning á Íslandi staðið á bókmenntagrunni. En nú er breytingaskeið og bókmenntirnar eru ekki í sama lykilhlutverki og áður. En það er meiri gróska í myndlist en hefur lengi verið. Þó er það eins og menn séu dálítið hikandi, eins og menn bíði og leiti átta. Það er auðvitað komin til ýmiss konar ný tækni, kvikmyndir og vídeó og menn eru enn að gera sér grein fyrir möguleikunum. Þó er það staðreynd að þessi nýja tækni kemur ekki í stað mannlegrar hugsunar. En það eru miklar breytingar nú í íslenskum menningarheimum," segir Einar að lokum. -óbg.



Ný gerð með gamla góða laginu.

Sundurdregin

BARNARÚM

Hjónarúm
Eins manns rúm

Auk þess: Eldhúsborð, eldhússtólar, svefnbekkir, vegghillur með skrifborði, stakar hillur, sófasett og fleira.

OPIÐ UM HELGINA

FURUHÚSGÖGN BRAGI EGGERTSSON

SMIÐSHÖFÐA 13 — SÍMI 85180

GEYMIÐ AUGLÝSINGUNA